

Landssamtök heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana

Aðsetur: Álfabakka 16, 109 Reykjavík - sími 585 1300

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/2897

komudagur 21.5.2008

Heilbrigðisnefnd Alþingis,
b.t. Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. maí 2008

Meðfylgjandi eru athugasemdir stjórnar Landssamtaka heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana um frumvarp til laga um sjúkratryggingar en stjórnin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 15. maí sl.

Athugasemdir um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, mál 613, heildarlög.

Almennt eru áform um nýja sjúkratryggingastofnun til bóta fyrir heilbrigðiskerfið og skattborgara og gefa nýja möguleika til að stýra fjármagni og þjónustu skv. stefnumótun og forgangsróðun hverju sinni.

Stjórn Landssamtaka heilsugæslu og heilbrigðisstofnana er þó hugleikin staða heilsugæslunnar í þessu sambandi og telur mjög mikilvægt að haft sé að leiðarljósi að markaðslögmálin eiga tæplega við í grunnþjónustunni þar sem sátt ríkir um að heilsugæslan sé að hluta til svæðisbundin velferðarþjónusta. Lögin þurfa að tryggja slík sjónarmið og huga sérstaklega að samningsstöðu slíkra stofnana. Á þessu er ekki tekið í lagafrumvarpinu.

Athugasemdir við IV. kafla, 40. grein:

Lagafrumvarpið endurspeglar ekki þau góðu áform í kynningum um sjúkratryggingastofnunina og því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, um mikilvægi samvinnu og gagnkvæmt traust milli seljenda og kaupanda. Vald sjúkratryggingastofnunar er mjög mikið og vel tíundað í frumvarpinu en ekkert fjallað um mikilvægi þess að tryggja sameiginlegar samskiptareglur stofnunar við samningsaðila þar sem jafnræði ríki beggja megin borðs.

Athugasemdir við IV. kafla.

Benda má á að það vantar endurskoðunarákvæði í IV. kafla. Mikilvægt er að fram komi möguleikar samningsaðila til endurskoðunar á samningum sem etv. ná yfir lengra tímabil. Hugsanlegar breytingar á forsendum samninga kalla á þörf fyrir endurskoðunarákvæði.

Athugasemdir við IV. kafla 48. grein.


Vanefndir miðast eingöngu við aðgerðir og rétt sjúkratryggingastofnunar, en ekki er gert ráð fyrir að aðrar stofnanir sem eru aðilar samninga hafi rétt eða möguleika til að sækja rétt sinn vegna vanefnda. Mikilvægt er að taka fram rétt beggja aðila komi til vanefnda samninga.

Athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða I.

Bráðabirgðaákvæði um starfsmenn: Heilbrigðisstofnanir þurfa að hafa sömu möguleika á mannafla og sjúkratryggingastofnun vegna samningagerða, stofnanir þurfa etv. að geta sótt sér sérþekkingu á þessu sviði, jafnvel á kostnað sjúkratryggingastofnunar. Verður samningsstaða heilbrigðisstofnana skekkt ef sérfræðingar þeirra í samningsgerð verða kallaðir til starfa hinu megin við borðið skv. bráðabirgðarákvæði I?

Ljóst er að til verður aukinn kostnaður stofnana vegna samningsgerðar við sjúkratryggingastofnun og mikilvægt verður fyrir stofnanir að vanda til við samningsgerðina. Það kostar bindingu mannafla og aukna menntunarbörf, bæði við gerð samninga og til að uppfylla ákvæði um aukið gæðaeftirlit.

Fyrir hönd Landssamtaka heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana,



Birna Bjarnadóttir,
formaður stjórnar LHH

netfang: Birna.Bjarnadottir@stj.hg.is

Sendist í bréfpósti, en ennfremur á tölvupósti; nefndasvið@althingi.is